

## **Ákvörðun Samgöngustofu nr. 15/2019 vegna kvörtunar um seinkun á flugi VY8561 þann 9. september 2014**

### **I. Erindi**

Þann 17. október 2017 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A, hér eftir kvartandi. Kvartandi átti bókað flug með Vueling (VY) flug VY8561 þann 9. september 2014 frá Keflavík til Barselóna með áætluðum brottfarartíma 01:40. Seinkaði fluginu um 15 klst. Kvartandi fer fram á skaðabætur í samræmi við EB reglugerð 261/2004.

### **II. Málavextir og bréfaskipti**

Samgöngustofa sendi VY kvörtunina til umsagnar þann 19. október 2017. Svar VY barst SGS þann 7. nóvember, þar kemur fram að seinkunin hafi verið vegna slæms veðurs í Keflavík auk þess sem upplýsingar um veður í Keflavík fylgdi með þar sem fram kom að lágskýjað með úða og skyggni yfir 1000 metra hafi verið á áætluðum lendingartíma og því hafi vélín sem átti að flytja kvartanda til Barselóna frá Keflavík seinkað til Keflavíkur. SGS sendi kvartanda umsögnina til athugasemda þann 7. nóvember 2017, frekari svör bárust ekki frá kvartanda.

### **III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu**

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Í 5. mgr. 109. gr. loftferðalaga nr. 60/1998 segir að kröfur samkvæmt X. kafla laganna fyrnist ef mál verði ekki höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar komi á ákvörðunarstað eða tvö ár eru liðin frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist. Er hér um að ræða sérreglu gagnvart hinni almennu fjögurra ára fyrningarreglu í 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Atvik þessa máls urðu þann 9. september 2014 og kvörtun barst Samgöngustofu þann 17. október ágúst 2017, rúmlega 3 árum síðar. Að mati Samgöngustofu var mál þetta fyrnt þegar það barst stofnuninni. Getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til bóta vegna seinkunar á flugi kvartanda.

Með hliðsjón af framangreindu er kröfu kvartanda um skaðabætur hafnað.

### **Ákvörðunaron**

Kröfu kvartanda um skaðabætur úr hendi Vueling, skv. reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 1048/2012, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innanríksráðuneytis skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík 4. febrúar 2019

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson